

# **1. Leikskólinn Hlaðhamrar**

## **1.1 Velkomin á Hlaðhamra**



### **Leikskólinn Hlaðhamrar**

Hlaðhömrum, 270 Mosfellsbæ

Sími: 566 6351

Netfang: [hlad@mos.is](mailto:hlad@mos.is)

Veffang: <http://www.hladhamrar.is>

Leikskólastjóri er: Sveinbjörg Davíðsdóttir

Ágætu foreldrar.

Innilega velkomin með barnið ykkar í leikskólann Hlaðhamra. Við vonum að þið eigið eftir að eiga góðar stundir með okkur og að hér eigi ykkur og börnunum ykkar eftir að líða vel. Leikskólinn stendur ykkur opinn hvenær sem er og eruð þið ávallt velkomin í heimsókn á meðan starfsemi stendur yfir.

## **1.2 Húsnæði leikskólans**

Leikskólinn Hlaðhamrar hóf starfsemi 8. október 1976, en húsið var áður íbúðarhús sem Mosfellshreppur keypti á þeim tíma. Leikskólinn byrjaði sem 3ja deilda leikskóli en byggt var við skólann árið 1997 og bættist þá aðstaða hans til muna. Í skólanum eru nú 4 deildir með u.þ.b. 90 börnum samtímis, listaskáli, íþróttasalur, eldhús og góð vinnuaðstaða fyrir leikskólakennara og starfsfólk, þar er einnig Skjólíð sem hýsir vel útbúið bókasafn. Skjólíð er mikið notað hvort sem er fyrir litla hópa að koma og skoða bækur og spila, sem viðtalsherbergi og sérkennsluherbergi.

## **1.3 Lóð leikskólans**

Lóðin okkar er nýuppgerð með leiksvæði sem uppfyllir ýtrustu gæða- og öryggiskröfur. Lóðin er fjölbreytt, vel útbúin leiktækjum og gott svæði sem hentar vel til ýmis konar hreyfileikja.

### **1.4 Deildir og deildarskipulag**

Á Hlaðhömrum eru 4 deildir:

**Hvammur:** yngstu börnin

**Holt:** yngstu börnin

**Hagi:** mið hópur

**Höfði:** elstu börnin



## **2. Stefna leikskólans – Hugmyndfræði**

Í leikskólanum Hlaðhömrum er unnið eftir stefnu sem er kennd við borg á norður Ítalíu og nefnist Reggio Emilia. Frumkvöðull þessarar stefnu, Loris Malaguzzi, leggur áherslu á að stefnan eigi ekki að haldast óbreytt heldur er eðli hennar að þroskast og taka breytingum.

Megináherslan liggur í að gefa börnunum færi á að nýta sér allar tjáningarleiðir en Malaguzzi sagði að börn hafi 100 mál en frá þeim séu tekin 99, þ.e. börn hafa 100 mál og 100 aðferðir til þess að læra og afla sér þekkingar.

Horfa skal á barnið sem virkan og skapandi einstakling sem á að geta haft áhrif á eigin þekkingaröflun með því að velja og hafna, barnið er virkur og sterkur einstaklingur sem hefur mikið fram að færa.

Barnið lærir með því að kanna, fást við og upplifa, þess vegna viljum við að börnin fái að nýta sér öll þau tjáningarform sem þeim er tamt, þ.e. í gegnum leik, tónlist, myndlist, hreyfingu o.fl. því það er ekki endilega þekkingin sjálf sem skiptir máli heldur ferlið við að afla sér þekkingar og hvernig við getum ýtt undir og hvatt þau til að nálgast þessa þekkingu. Það að börnin fái tækifæri í því að skoða hlutina frá öllum sjónarhornum og kryfja þau til mergjar gera börnin spurul, þau rannsaka betur og fá betri upplýsingar.

Talað er um að kennarar í Reggio Emilia séu þrír: börn – kennarar – umhverfi

Barnið: Er í eðli sínu skapandi og virkur einstaklingur sem hefur margt fram að færa.

Kennarinn: Hann á að vera virkur í ferlinu og leiða vinnuna áfram út frá áhuga barnanna. Það þýðir ekki að hann eigi að stjórna börnunum heldur hlusta af athygli, spyrja opinna spurninga og skrá. Malaguzzi sagði að hinir fullorðnu þurfi stundum að stíga til hliðar og fylgjast með hvað börnin eru að gera og leyfa þeim að takast á við

verkefni. Svo geti kennarinn frekar komið að og kennt börnunum á þeirra forsendum.

Umhverfið: Áhersla er lögð á að umhverfið sé aðlaðandi og hvetjandi ásamt því að vera fræðandi, rýmið á að vera sveiganlegt og taka mið af þeim barnahópi sem er þar hverju sinni. Við viljum umhverfi sem er ríkt af tækifærum til leiks og náms, allt leikefni og efniviður sé í hæð barnanna og sýnilegt.

Skráningar eru mikilvægur þáttur í hugmyndafræði Reggio Emilia. Uppeldisleg skráning er mikilvægt tæki og gefur okkur tækifæri til að fylgjast með þroska barnanna og hvað á sér stað í námsferli þeirra. Skráningar gera starfið sýnilegt bæði fyrir börn og fullorðna.



### **3. Markmið Hlaðhamra**

- ❖ Að barninu líði vel í leikskólanum.
- ❖ Að mæta börnunum á jafnréttisgrundvelli og á þeirra forsendum því þau eru ólíkir einstaklingar með misjafnar þarfir.
- ❖ Að skapa uppbyggilegt umhverfi og aðstæður sem virkja þau til að takast á við verkefni við þeirra hæfi, því öll eru þau sterkir einstaklingar sem hafa mikið fram að færa.

- ❖ Að leggja áherslu á skapandi starf þar sem tekið er tillit til löngunar barnsins hér og nú og því búinn skapandi efniviður. Með þessu teljum við að barnið verði skapandi og frjór einstaklingur sem er fær um að takast á við áskoranir daglegs lífs.
- ❖ Að áhersla sé á gæði í samskiptum, til að geta tileinkað sér virðingu, vináttu og kærleik, sjálfum sér, öðrum og umhverfinu til handa.

Auk þess tökum við mið af gildum Mosfellsbæjar sem eru:

- ❖ Virðing
- ❖ Jákvæðni
- ❖ Framsækni
- ❖ Umhyggja



#### **4. Grunnþættir menntunar**

Í nýrri aðlámsskrá frá 2011 eru í fyrsta sinn settir fram sameiginlegir kaflar fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla, í þeim eru settir fram sex grunnþættir menntunar sem eru sameiginlegir þessum skólastigum. Grunnþættirnir eiga að vera sýnilegir, endurspeglast og vera leiðarljós í starfsháttum, samskiptum og skólabrag skólans. Grunnþættirnir snúast um læsi á samfélag, menningu, umhverfi og náttúru þannig að börn og ungmenni læri að byggja sig upp andlega og líkamlega og geti bjargað sér í samfélaginu og unnið með öðrum.

Grunnþættir menntunar eru:

- Læsi
- Sjálfbærni
- Lýðræði og mannréttindi
- Jafnrétti
- Heilbrigði og velferð
- Sköpun




## 5. Leiðarljós leikskóla

Leikskólaaldurinn er mikilvægur tími náms og þroska og er leikskólinn fyrsta stig skólakerfisins og upphaf formlegrar menntunar einstaklinga.

Í samstarfi við foreldra á leikskólinn að kappkosta að fylgjast með og efla allhiða þroska allra barna, veita öllum börnum hollt og hvetjandi uppeldisumhverfi og stuðla að öryggi þeirra og vellíðan.

## 6. Leikskólaperlan



Í leikskólaperlunni er barnið í brennidepli því allt leikskólastarfið snýst um barnið, sá flötur er gulur þ.e. litur sólarinnar. Þeir þættir sem næstir eru barninu og unnið er með í daglegu lífi þess í leikskólanum eru: Að klæða sig í og úr, borðhald, svefn og hvíld, hreinlæti, frágangur og snyrtimennska. Litur þeirra er appelsínugulur - tákn samþættingar á námi og lífi barns.

Námssvið leikskólans koma næst: Læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og vísindi, sköpun og menning. Litur þeirra er rauður, þ.e. glóðin sem í leikskólastarfinu býr og er uppspretta samþætts og skapandi leikskólastarfs.

Grunnþættir menntunar eins og þeir birtast í sameiginlegum kafla aðalnámskrár fyrir öll skólastig koma í ysta hring. Litur þeirra er grænn, tákn jarðarinnar, grunnurinn sem allt skólastarf byggist á; læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun.

Leikurinn umlykur barnið í öllu starfi þess og námi. Grunnlitur perlunnar er ljósblár, þ.e. litur vatnsins. Í því rými flýtur allt það sem tengir hina fjölbreyttu þætti leikskólastarfsins saman, þ.e. samþætting. Leikurinn gárar vatnið og kemur öllu á hreyfingu.



## **7. Nám í leikskóla**

Hlutverk leikskólakennara er að styðja við nám barna í gegnum leik á margvíslegan hátt, m.a. með því að:

- skapa fjölbreytilegt leikumhverfi og veita aðgengi að leikefni sem hvetur börn til að rannsaka, finna lausnir og skapa.
- gefa leik nægjanlegan og samfelldan tíma,
- gefa leik nægjanlegt rými svo að börnin hafi svigrúm til að hreyfa sig og til að þróa leik dýpra,
- styðja við sjálfsprottnar athafnir og áhuga,
- eiga samskipti við börn og mynda tengsl við þau í gegnum leik,
- vera vakandi fyrir þeim tækifærum sem upp koma í leik og nota þau til að kveikja áhuga barna og styðja við nám þeirra,
- styðja við og efla jákvæð samskipti í leik,
- sjá til þess að öll börn hafi tækifæri til þátttöku í leik úti og inni.

(Aðalnámskrá leikskóla 2011 bls, 38)

### **7.1. Leikurinn**

„Leikur er órjúfanlegur þáttur bernskuáranna og þungamiðja leikskólastarfsins. Leikurinn er sjálfsprottinn og börnum eðlislægur. Þau leika sér af fúsum og frjálsum vilja og á eigin forsendum“ (Aðalsnámskrá leikskóla 2011 bls, 37)

Leikurinn er aðalnámsleið barna, hann skapar börnum tækifæri til að læra og skilja umhverfi sitt. Hlutverk leikskólans er að styðja við nám barnanna í gegnum leikinn á sem fjölbreyttastan hátt, skapa aðstæður jafnt úti sem inni, ásamt fjölbreyttum efnivið til leikja og náms. Barnið fær að njóta sín sem einstaklingur í barnahópnum, öðlast sjálfstraust og jákvæða sjálfsmynd. Börn eru gædd innri áhugahvöt og helsti þátturinn í henni er forvitni þeirra, þ.e. að uppgötva og rannsaka hlutina á þeirra eigin forsendum. Í frjálsa leiknum erum við að ýta undir sköpun og ímyndunarafli barnanna og það er okkar fullorðna fólksins að skapa þeim það umhverfi og gera það lærdómsríkt. Leikurinn er góður undirbúningur undir lífið sjálft. Í þykjustu- og hlutverkaleikjum og öðrum samleikjum læra börnin nauðsyn þess að vinna saman og taka tillit til hvers annars. Í leikjum með leikreglum læra þau einnig að virða rétt

annarra og einfaldar samskiptareglur. Í leiknum tjáir barnið tilfinningar sínar og fær útrás fyrir þær. Sköpunarþörf og hugmyndaflug barnsins birtist í ýmsum leikjum þess.



## **7.2. Umhverfi og efniviður**

Umhverfi leikskóla þarf að vera sveiganlegt þannig að börn geti nýtt það á ýmsa vegu og farið frjálst frá einum stað til annars, fengið hugmyndir og nýtt efnivið sem þar er að finna.

Umhverfið skipar stór þátt í þekkingarleit barnsins og því þarf umhverfið að vera fjölbreytt, hvetjandi og áhugavekjandi fyrir barnið og bjóða upp á marga möguleika, þannig lærir barnið að vera skapandi í umhverfi sínu. Við þurfum að hafa umhverfið fallegt og vel skipulagt og efniviðinn þannig að börnin eigi auðvelt með að nálgast það sem þau þurfa að nota við verkefni. Efniviðurinn hjá okkur er mjög fjölbreyttur og aðgengilegur. Við erum með opinn efnivið, þ.e. hina ýmsu kubba, verðlaus efni og auk þess erum við með leikföng svo sem dýr, bíla, lest, lego og fl. Allur efniviður er notaður í bland, opinn, verðlaus og dót til þess að gera börnunum kleift að auðga leikinn og gera hann sem fjölbreytilegastan.

Umhverfið er ekki aðeins leikskólinn sjálfur og lóðin, heldur er að sjálfsögðu mikilvægt að nýta sér nánasta umhverfi barnsins og er leikskólinn mjög vel í sveit settur varðandi það þar sem við erum í mjög góðri nálægð við náttúruna, fjöll, móa og steina, fjöru og þ.h. Þetta viljum við nýta okkur sem best til þess að þau kunni að njóta náttúrunnar og verði læs á umhverfið. Auk þess að hafa þessa frábæru náttúru allt í kringum okkur þá höfum við útbúið útikennslustofu í holtinu fyrir utan leikskólann og þangað förum við með börnin í minni hópum jafnt vetur sem sumar.



### **7.3 Hlutverk kennarans**

Hlutverk kennarans er að leiða barnið áfram í þekkingarleit sinni. Það er ekki þekkingin sjálf sem skiptir höfuðmáli heldur ferlið að henni. Við megum ekki sitja hjá og hugsa sem svo að börn læri hlutina án okkar aðstoðar. Hlutverk okkar er að skapa hvetjandi umhverfi og miða efni og þarfir við þroska barnsins og leiða þau áfram í því að afla sér þekkingar. Við þurfum líka síðast en ekki síst að hlusta á hugmyndir barnanna og þó að þær séu ekki þær sem við vorum að leita eftir þá höldum við áfram að hvetja börnin með því að spyrja opinna spurninga svo sem hvað, hvernig og hvers vegna heldur þú og með þeim hvetjum við barnið til að verða gagnrýnið og taka ekki öllu sem gefnu. Löngun barnsins til að vita meira eykst og það verður spurult og forvitið og tilbúið að læra nýja hluti, rannsaka frá hinu smæsta til hins stærsta, eða eins og Loris Malaguzzi sagði: „Börn eru ekki ílát sem við setjum þekkingarmola í“.

### **7.4 Uppeldisleg skráning**

Skráning er grundvöllur alls starfs í anda Reggio. Uppeldisleg skráning er mikilvægt tæki fyrir okkur til þess að fylgjast með þróun samskipta og þroska hjá hverju barni fyrir sig hvort sem þau eru ein eða í hóp. Samtöl og ljósmyndir gera ferlið sýnilegt bæði fyrir börn og fullorðna. Það er mikilvægur hluti af starfinu að vera með skráningar bæði í hópastarfinu og einnig þar sem við erum ekki þátttakendur heldur hlutlausir áhorfendur og skráum það sem fram fer hjá börnunum. Þannig finnum við út hvar áhugasvið barnanna liggur og vinnum með það áfram. Eins og að taka upp aftur ákveðna hluti sem þau hafa verið að ræða um og vinna með það í hópastarfi. Oft verður lítil skráning að miklum heimspekilegum umræðum þar sem málin eru rædd og skoðuð frá öllum hliðum.

### **7.5 Daglegt nám á Hlaðhömrum**

- *Móttaka/heimferð.* Lagt er upp úr því að taka vel á móti hverju barni þegar það mætir í leikskólann. Við heilsum því með nafni og látum það finna að það er velkomið og gefum því jafnframt góðan tíma til að kveðja foreldra sína. Þegar kemur að heimferð kveðjum við þau á sama hátt og segjum foreldrum hvernig dagurinn gekk fyrir sig í stórum dráttum.

- *Fataklefinn.* Við gefum okkur góðan tíma í fataklefanum svo þau öðlist færni í að klæða sig sjálf. Með því öðlast þau hæfni í samhæfingu, aukna þekkingu á fatnaði og líkama auk þess sem þau styrkja eigin sjálfsmynd og trú á eigin getu eykst. Í fataklefanum gefst einnig tími til að spjalla um veðrið og veðrabreytingar og þau þurfa að velta því fyrir sér hvaða klæðnaður henti hverju sinni.
- *Matmálstímar.* Við leggjum áherslu á að matartíminn sé gæðastund því þar gefst góður tími fyrir samræður og samskipti. Börnin skiptast á að vera umsjónarmenn, þar sem þau hafa það hlutverk að leggja á borð og bjóða hinum börnunum til borðs. Við leggjum áherslu á að þau tileinki sér góða borðsiði, þau læri að bjarga sér sjálf og smakki allan mat. Hreinlæti skiptir líka miklu máli s.s handþvottur fyrir og eftir mat.
- *Hvíld.* Það er nauðsynlegt að öll börnin taki sér hvíld eða fái rólega stund yfir daginn. Yngstu börnin sofa á dýnum með kotta og teppi og fá að hafa með sér tuskudýr ef þau vilja, allt eftir þörfum hvers og eins. Eldri börnin annað hvort setjast eða leggjast á dýnu í notalegu umhverfi og hlusta á sögu, skoða bækur eða spjalla saman í rólegheitum. Við reynum að veita þeim öryggi og hlýju svo þau fái notið hvíldarinnar. Tímalengd hvíldarinnar hjá yngri börnunum eru í samráði við foreldrana.
- *Frjáls leikur.* Á Hlaðhömrum gerum við frjálsa leiknum hátt undir höfði, við notum m.a. valfundi með myndrænum valspjöldum til að stýra og hafa yfirsýn yfir frjálsa leikinn hjá börnunum. Börnin þurfa tíma til að koma sér í leikinn og þess vegna þarf að gefa þeim góðan samfelldan tíma til þess og dagskipulagið þarf að taka tillit til þess. Við leggjum mikla áherslu á að hafa viðfangsefnin fjölbreytt og áhugasvekjandi frá degi til dags svo börnin fái notið sín í leiknum.
- *Samverustundir.* Samverustundir er nokkrar yfir daginn, þar koma börnin saman í minni hópum. Lögð er áhersla á að efla einbeitingu, málþroska, félagsþroska og góð samskipti. Lesnar eru sögur og ævintýri, sungið og spjallað um það sem áhugasvið þeirra nær yfir hverju sinni. Einnig leggjum við áherslu á að þau kynnist og læri gamlar íslenskar þulur. Þau eru hvött til að

segja frá hlutum frá eigin brjósti og efla þannig sjálftraust þeirra. Í samverstundunum gefst líka tækifæri fyrir margvíslega fræðslu, í stundinni á morgnana gefst tækifæri til að fara yfir dagskrá dagsins hvaða dagur er og hvaða mánuður, veðurfræðingur dagsins fer yfir veðrið og spáð er í hvernig við þurfum að klæða okkur fyrir útivistina.

- *Salur.* Hreyfing er öllum nauðsynleg til að viðhalda heilsu og heilbrigði. Forvarnargildi hreyfingar er talið umtalsvert m.a. m.t.t. offitu og ýmissa lífstíllssjúkdóma. Nauðsynlegt er að ala börn upp við hreyfingu frá unga aldri til að líklegra verði að hún geti orðið hluti af lífsstíl þeirra. Í leikskólanum er mikið lagt upp úr hreyfingu barnanna og höfum við kennara sem sér um og heldur utan um hreyfingu allra barnanna. Markmiðið með hreyfingunni er m.a. að efla hreyfiþroska, bæta samhæfingu, jafnvægi, styrk o.fl. Jafnframt að fylgja reglum, fara eftir fyrirmælum og taka tillit til annarra þátttakenda í hópnum. Hreyfingin er ýmist stunduð utan- eða innan húss. Úti er farið í styttri eða lengri göngur/ævintýraferðir, leikir í holtinu/klettunum og inni á lóð skólans og í salnum læra börnin ýmsa leiki og æfingar. Í salnum gefast einnig margskonar tækifæri til leiks og náms, m.a. er þar líka verið að leggja inn almenna málörvun, ritmál, tölur, hugtök og fl.
- *Listaskáli.* Hlaðhamrar hefur fastan kennara sem sér um verkefnið í listaskálanum og hefur hver deild fastan tíma þar einu sinni í viku, Listaskálinn er vel útbúinn, í honum er leirbrennsluofn og óteljandi efniviður til mynd- og listsköpunar og leggjum við þar mikila áherslu á skapandi verðlausan efnivið (remida). Margvísleg listsköpun fer þar fram, bæði stutt verkefni og löng og vinnan þar getur tengst annarri vinnu sem fer fram á deildunum t.d. þemavinnu. Við leggjum áherslu á frjálst flæði, gleði, tjáningu, vinnu með mismunandi efnivið og að hugmyndir og sköpun barnanna fái að njóta sín.
- *Þemavinna.* Þemavinnan er unnin í hópum sem eru misstórir. Við val á verkefnum reynum við að hlusta eftir áhugasviði barnanna og grípa tækifærin sem upp koma, vera vakandi yfir því sem börnin eru að ræða um o.fl. Unnið er með efnivið í mislangan tíma allt eftir umfangi efnisins og áhuga barnanna.

Þemavinnan byggist á því að uppgötva hlutina, kanna og rannsaka þá frá öllum hliðum og notum við öll tjáningarformin til þess þ.e. myndsköpun, tónlist, hreyfingu og frásagnir.

Skráningar eru mikilvægt tæki til þess að meta og fylgjast með ferlinu, einnig gera skráningarnar vinnuna sýnilega bæði fyrir starfsfólk, börn og foreldra. Afrakstur þemavinnunar fer síðan í þemabækur sem börnin fara með heim að loknu skólaári. Í þeim er hafsjór af fróðleik og fagurfræði eftir börnin, skriflegar skráningar, teikningar og ljósmyndir af ferlinu.

- *Stöðvastuð.* Í stöðvastuði þá fá börnin að velja stöðvar þvert á deildar, þ.e. þá eru börn á öllum aldri að vinna saman í hópum. Börnin fá að vinna á sínum forsendum og kennararnir sjá um að gefa kost á fjölbeyttum viðfangsefnum sem taka mið af áhuga og virkni barnanna. Mismunandi og fjölbreyttur efniviður er í boði bæði úti og inni. Þetta stuðlar að því að börnin kynnast enn betur á milli deilda og þetta eflir sjálfstæði þeirra og virkni og eykur samskiptahæfni þeirra.
- *Elstu barna starf.* Á Hlaðhömrum vinna elstu börnin í verkefnum sem að hluta til eru samvinnuverkefni milli leik og grunnskóla. Þar ber helst að nefna K-Pals en það efni er góður undirbúningur fyrir fyrirhugað lestrarnám. Verkefni eru tvíþætt annars vegar kynnast þau stöfunum og hljóðum þeirra og hins vegar eru verkefni sem stuðla að þjálfun hljóðkerfisvitundar. Í tengslum við þetta leggja deildarstjórar fyrir þau próf sem nefnist Hljóm-2 en það er greiningartæki í leikjaformi sem kannar hljóðkerfisvitund elstu barnanna. Í öðrum verkefnum erum við einnig að æfa okkur í hlustun, að ríma og kynnast því hvað eru orð og setningar. Auk þess þá vinna þau í svokölluðum skólahópum ýmiskonar verkefni tengdum stærðfræði en þar vinnum við m.a. með tölur, talnagildi, form og önnur hugtök sem snúa að raungreinum og stærðfræði. Einnig er unnið með almenna þekkingu varðandi nærumhverfi þeirra.
- *Útivist.* Börn hafa mikla þörf fyrir að hreyfa sig frjálst og óhindrað og er hreyfing þeim mjög mikilvæg. Í útiverunni fá börnin ákveðna útrás fyrir hreyfiþörf, hún eykur vellíðan og gleði. Á Hlaðhömrum höfum við einstaklega

góða og fjölbreytta lóð fyrir þau til að leika sér í sjálfsprottnum eða skipulögðum leikjum. En útivistin er ekki eingöngu innan lóðar heldur er lögð áhersla á gönguferðir og vettvangsferðir ýmiskonar, við höfum fjölbreytt umhverfi þar sem hægt er að efla grófhreyfingar, þol og styrk, t.d. með gönguferðum á fellin okkar, fjöruferðir og fl.

- *Útistofa.* Skólinn hefur komið sér upp útistofu í holtinu við skólann. Þar gefast börnunum annarskonar tækifæri til náms og leiks Þar er unnið með skapandi og náttúrulegan efnivið þar sem reynir á samvinu og samskipti barnanna. Þau fara út fyrir þægindarammann og efla kjark og þol.

## **8. Samþætt og skapandi leikskólastarf**

Námssvið leikskólans eiga að vera samþætt og samofin öllu starfi leikskólans og taka mið af grunnþáttum aðalnámskrárinnar. Þau byggjast á skapandi og gagnrýninni hugsun og tengjast leik og daglegum athöfnum í leikskólanum. Auk þess að taka mið af grunnþáttum menntunar og námsviðum leikskólans ber jafnframt að taka mið af leiðarljósum leikskóla.

Námssvið leikskólans eru: Læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og vísindi, sköpun og menning.

### ***8.1. Læsi og samskipti***

Læsi snýst ekki eingöngu um notkun orða því barn þarf að öðlast þekkingu, leikni og hæfni til að lesa í umhverfi sitt og tjá upplifun sína, tilfinningar og skoðanir á fjölbreyttan hátt. Börn eru félagsverur sem hafa ríka þörf til að tjá sig og nota til þess ýmsar leiðir, t.d. hljóð, snertingu, látbragð og leikræna tjáningu, tónlist, myndmál og dans. Læsi er því í víðum skilingi þess orðs mikilvægur þáttur samskipta.

Leikskólinn leitast við að skapa aðstæður svo börnin fá tækifæri til að:

- ✓ eiga jákvæð og uppbyggileg samskipti
- ✓ endurskapa upplifun sína og reynslu í leik og skapandi starfi
- ✓ tjá sig með fjölbreyttum hætti og með ólíkum efniviði
- ✓ kynnast tungumálinu og möguleikum þess,
- ✓ njóta þess að hlusta og semja sögur, ljóð, þulur og ævintýri,

- ✓ þróa læsi í víðum skilingi,
- ✓ öðlast skiling á að ritað mál og tákn hafi merkingu,
- ✓ deila skoðunum sínum og hugmyndum,
- ✓ nýta ólíkar leiðir og margvíslega tækni til að nálgast upplýsingar og setja fram hugmyndir sínar,
- ✓ velta vöngum yfir eigin samfélagi og menningu og annarra þjóða.



Vinir lesa og spjalla

Málproski barna þróað hratt á fyrstu árum barnsins, markvikss málörvun hefst í leikskólanum við upphaf leikskólagöngu. Það er stefna Mosfellsbæjar að auka lestrarlæsi barna í skólum bæjarins og hver skóli hefur síðan mótað sína stefnu í þeim málum.

Á Hlaðhömrum er unnið með læsi og samskipti í öllum þáttum leikskólastarfsins, í samverustundum, í frjálsa leiknum, við matarborðið, í fataklefanum, í þemastarfinu, útistofunni, vettvangsferðum o.s.frv.

Við leggjum áherslu á

- orðaforða, málskilning, hljóðkerfisvitund
- tjáningu og frásagnarhæfni
- hlustun
- rím, þulur og ljóð
- ritmál
- bókstafina og hljóð þeirra
- vináttu og virðingu fyrir hvort öðru
- jákvæð og góð samskipti

## **8.2. Heilbrigði og vellíðan**

Líðan barns hefur áhrif á sjálfsmynd þess, t.a.m. hvort það hefur trú á eigin hæfni, er áhugasamt og sýnir vilja og getu til að takast á við mismunandi viðfangsefni. Daglegar athafnir í leikskóla eiga að stuðla að líkamlegri og andlegri vellíðan barna og góðri heilsu, mikilvægt er að börnin læri og tileinki sér heilbrigða lífshætti, hollt mataræði, hreinlæti og hreyfingu. Hreyfing og vellíðan hafa jákvæð áhrif á samskipti barna, umgengni þeirra við umhverfi sitt og hæfni þeirra til að takast á við daglegt líf og nýjar aðstæður. Mikilvægt er að umhyggja skipi stjóran sess, börnin dvelja langan tíma í leikskólanum og því mikilvægt að starfsfólk myndi góð og nán tengsl við þau.

Til þess að stuðla að heilbrigði og vellíðan barnanna ber að leggja áherslu á:

- ✓ umhyggju,
- ✓ persónulega umhirðu,
- ✓ holla næringu,
- ✓ fjölbreytta hreyfingu,
- ✓ ögrandi og krefjandi útivist,
- ✓ slökun og hvíld,
- ✓ tilfinningalegt jafnvægi,
- ✓ jákvæð samskipti,
- ✓ félagsleg tengsl.

Börn í dag verja löngum hluta af sínum vökutíma í leikskólanum, því skiptir miklu máli fyrir þau að finna sig örugg og líða vel í skólanum.

Við leggjum áherslu á

- umhyggju, hlýju og virðingu
- holla, fjölbreytta og næringarríka fæðu
- slökun og hvíld
- hreyfingu úti sem inni
- sjálfsmynd og sjálfstraust
- jákvæð og góð samskipti



Við erum glöð og góð

### **8.3 Sjálfbærni og vísindi**

Börn eru forvitin og þeim er eðlislægt að kanna og reyna að skilja umhverfið sitt og til þess nota þau ýmsar aðferðir. Þau horfa, hlusta, snerta, bragða, handleika, flokka, bera saman, rannsaka og draga ályktanir. Það er því nauðsynlegt fyrir leikskólakennarann að styðja við og ýta undir fróðleiksþorsta barnanna með því að hlusta eftir því hvernig þau skilja hlutina og nota í framhaldinu tækifærið til að kynna fyrir þeim nýjar hugmyndir og efnivið og spyrja þau spurninga sem vekja þau til umhugsunar um sjálfbærni og sjálfbæra þróun. Mikilvægt er að nota öll tækifæri til að kenna þeim að bera virðingu fyrir umhverfi sínu og náttúru og skapa þeim tækifæri til að upplífa og njóta.



Í leikskólanum á að skapa aðstæður svo börn fái tækifæri til að vinna með og velta vöngum yfir:

- ✓ umgegni sinni og virðingu fyrir náttúrulegu og manngerðu umhverfi,
- ✓ hvernig vistspor þeirra og nærsamfélag geta stuðlað að sjálfbærri þróun,
- ✓ hringrásum og fyrirbærum í náttúrunni,
- ✓ margvíslegum auðlindum náttúrunnar
- ✓ nýtingu náttúrunnar
- ✓ upplýsingamiðlun, framsetningu og gildi upplýsinga,
- ✓ stærðfræðilegum viðfangsefnum, s.s. tölum, táknum og mynstrum,
- ✓ lífverum í umhverfinu og lífsháttum þeirra,
- ✓ eðli ýmissa krafta og birtingarmyndum þeirra í umhverfinu,
- ✓ eiginleikum ýmissa efna og hluta,
- ✓ möguleikum og takmörkunum tækninnar,
- ✓ rými, fjarlægðum og áttum.

Í stefnu leikskólans er mikil áhersla lögð á að börnin læri með því að kanna, fást við og upplifa auk þess sem áhersla er lögð á endurvinnalegan efnivið eða“ Remida „ eins og það er kallað í Reggio Emilia.

Við leggjum áherslu á

- vinnu í útistofu
- vettvangsferðir
- vinna með og rannsaka efnivið úr náttúrunni
- flokka og endurvinna
- ræktun – setja niður kartöflur
- virðingu fyrir nærumhverfi og náttúrunni
- 



Ræktum og lærum

#### 8.4. Sköpun og menning

Sköpun er mikilvægur þáttur í námi og þroska barna og fléttast inn í öll námssvið leikskólans. Skapandi starf á ekki að taka mið af útkomunni/niðurstöðunni heldur á athyglin að beinast að ferlinu sjálfu, gleðinni, tjáningunni og náminu sem á sér stað í ferlinu þegar tilfinningar og hugmyndaflug barnanna fá að njóta sín. Með því að gefa barninu kleift að nálgast viðfangsefnin frá mörgum hliðum og á eigin forsendum, hvetjum við til skapandi hugsunar og sjálfstæðra vinnubragða hjá þeim. Menning er samofin öllu starfi leikskólans og tengist leik barna, lýðræði, skapandi starfi og þjóðmenningu.

Í leikskóla á að vera rými fyrir sköpunarferli og fagurfræðilega tjáningu þar sem börn:

- ✓ njóta þess að taka þátt í skapandi ferli,
- ✓ finna til ánægju og gleði yfir eigin sköpunarkrafti,
- ✓ kanna og vinna með margvíslegan efnivið
- ✓ nýta fjölbreytta tækni,
- ✓ kynnast bókmenntum, þulum sögum og ævintýrum,
- ✓ læra texta og taka þátt í söng
- ✓ skapa og tjá upplifun sína, s..s í myndlist, tónlist, dansi og leikrænni tjáningu,
- ✓ njóta fjölbreyttrar menningar og lista,
- ✓ taka virkan þátt í að móta menningu leikskólans með hátiðum og viðburðum sem tengjast barnamenningu,
- ✓ kynnast og vinna með listafóki á hinum ýmsu sviðum menningar og lista.

Við lítum svo á að barnið sé skapandi og frjór einstaklingur sem hefur margt fram að færa og sköpun og menning sé því mikilvægur þáttur í þekkingarleit þeirra.



Einbeiting og gleði

Við leggjum áherslu á

- Myndsköpun
- Fjölbreyttan, skapandi og aðgengilegan efnivið
- Þemastarf
- Tónlist, takt, hreyfingu og dans
- Hefðir skólans
- Heimskóknir á hina ýmsu menningastofnanir, t.d Gljúfrastein, Þjóðleikhúsið, símfóníuna og bókasafnið.

## **9.Fjölskyldan og leikskólinn**

Líðan barns í leikskóla er samvinnuð velferð fjölskyldu þess og heimilis og sjónarmið og framlag foreldra til leikskólastarfsins því afar mikilvægt. Þegar börnin hefja leikskólagöngu sína er grunnur lagður að samstarfi skólans og heimilisins og mikilvægt er að að fullt traust sé þar á mill.

Fyrir leikskólagöngu barnsins þá eru foreldrar boðaðir í viðtal hjá skólastóra þar sem skólinn er kynntur, þeim eru kynntar ýmsar upplýsingar t.a.m. stefnu skólans og áherslur, heimasíðan er kynnt sem og foreldrakverið og námskráin.

Foreldrafundur fyrir alla foreldra er haldinn að hausti þar sem kynnt er starf vetrarins.

Foreldraviðtöl eru síðan haldin tvisvar ári þar sem kennari barnsins og foreldrar ræða saman um barnið, en að sjálfsgöðu er hægt að óska eftir viðtali hvenær sem er.

Ekki má gleyma hinum daglegu samskiptum þegar foreldrar koma með og sækja börn sín en þá gefst gott tækifæri til veita upplýsingar á báða bóga.

Foreldrafélag og foreldraráð er starfandi við leikskólann og er það mikilvægur þáttur í samstarfi foreldra og leikskólans. Foreldrar geta boðið sig fram til starfa í foreldrafélaginu en í foreldraráðinu sitja 3 foreldrar. Hlutverk foreldraráðsins er að er að kynna sér innra starf leikskólans og geta haft áhrif þar á.

Foreldrar eru alltaf velkomnir í leikskólann til að fylgjast með starfi leikskólans.

## **10. Hefðir á Hlaðhömrum**

### **Dagur íslenskrar tungu**

Samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnar Íslands er 16. nóvember helgaður íslenskri tungu en þessi dagur var fæðingardagur Jónasar Hallgrímssonar. Þennan dag tölum við um Jónas og verk hans.

### **Afmæli leikskólans**

Leikskólinn á afmæli 8. Október og þá flöggum við að sjálfssögðu og syngjum afmælissönginn, bökuð er afmæliskaka sem börnin fá í nónhressingu.

### **Jólin**

Það er okkar markmið að reyna að skapa rólega jólastemningu í jólamánuðinum.

Í byrjun desember höldum við aðventukaffi fyrir fjölskyldur barnanna, þau borða morgunmat saman og fá piparkökur sem börnin hafa bakað. Við förum í heimsókn í kirkjuna þar sem tekið er á móti okkur og við syngjum jólalögin. Litlu jólin eru haldin um miðjan desember, þá fáum við jólasveina í heimsókn, dönsum í kringum jólatréð og borðum jólamatinn.

### **Þorrinn**

Í kringum þorrann eru börnin á eldri deildunum búin að fræðast aðeins um gamla tímamann og þorrann. Á bóndadaginn bjóðum við svo öfum og pöbbum barnanna í morgunmat

### **Árbæjarsafn**

Í tengslum við þorrann förum við í heimsókn með elstu börn leikskólans á Árbæjarsafnið, þar skoðum við gamla bæinn og fræðumst um lífið í gamla daga.

### **Öskudagur-Bolludagur-Sprengidagur**

Fyrir þessa daga erum við gjarnan búin að ræða aðeins um þá. Á bolludaginn eru bollur í boði í nónhressingunni og á sprengidaginn er saltkjöt og baunir í hádegismat. Á öskudaginn höldum við svo furðufataball og börnin koma ef þau vilja í hverskonar búningum, kötturinn er sleginn úr tunnunni og opið er á milli deilda og því mega þau heimsækja hinar deildarnar að vild.

### **Konudagur**

Þá er mömmum og ömmum barnanna boðið að koma í morgunmat.

## **Sólarkaffi**

Sá siður er viðhafður hér á Hlaðhömrum að halda svokallað sólarkaffi í febrúar, en þá fögnum við því að sjá aftur til sólar hér á leikskólanum þegar sólin nær að skína yfir Lágafellið eftir að hafa verið í felum í svartasta skammdeginu. Öll börnin koma saman í sal, listaskála og á Höfða, bakaðar eru vöflur sem allir borða með bestu lyst.

## **Opið hús**

Á sumardaginn fyrsta höldum við opið hús og þá vonumst við til að sjá sem flesta, foreldra, ömmur og afa, systkini og alla sem vilja koma.

Þennan dag eru til sýnis verk barnanna, myndir af börnunum í leik og starfi og fl. Starfsfólk er til staðar og spjalla við gesti og gangandi. Foreldrafélagið selur vöflur og kaffi og einnig eru verk barnanna til sölu og rennur andvirðið til foreldrafélagsins.

## **Sumarhátíð**

Einhvern góðviðrisdag í lok maí eða byrjun júní er sumarhátíðin haldin, undanfarin ár hefur hún verið haldin sameiginlega með leikskólanum Hlíð. Öll börnin hittast að morgni og farið er í skróðgöngu, síðan er opið á milli skólanna og allir fara í þá leiki eða leiktæki sem þeir vilja enda margt skemmtilegt í boði. Í hádeginu er grillað og eftir það er gleðinni haldið áfram.

## **Sveitaferð**

Í maí förum við í sveitaferð, við skoðum dýrin, leikum okkur og grillum. Í þessa ferð er foreldrum og/eða systkinum boðið að koma með.

## **Ævintýrahópur**

Að vori þegar líða fer lokum leikskólagöngu barnanna þá mynda elstu börnin svokallaðan ævintýrahóp. Þá er hefðbundið leikskólastarf hjá þeim brotið upp og starfið verður með öðru sniði. Farið er daglega í ferðir t.a.m gönguferðir í bænum okkar eða strætóferðir til Reykjavíkur þar sem farið er í ýmisskonar skoðunarferðir t.d. söfn, garða og fl. Farið er með nesti og jafnvel grillað einhversstæðar

## **Menningarvika leikskólanna**

Í apríl á hverju ári í kringum fæðingardag Halldórs Laxness taka leikskólarnir sig saman og halda menningarviku í Kjarna. Þar eru til sýnis verk barnanna og börnin koma saman og syngja fyrir foreldra og gesti og gangandi.

## **Laxness safnið á Gljúfrasteini**

Á hverju ári fara elstu börnin í heimsók á Gljúfrastein, þar kynnast þau og fræðast um Halldór Laxness.

## Bókasafn Mosfellsbæjar

Börnin fara í litum hópum í heimsókn á bókasafnið þar sem starfsmaður bókasafnsins tekur á móti þeim og kynnir fyrir þeim safnið og les fyrir þau sögu.



## **11. Lýðræði og jafnrétti í leikskólanum**

Lýðræðislegt leikskólastarf á að byggjast á jafnrétti, fjölbreytileika, samábyrgð, samstöðu og viðurkenningu fyrir ólíkum sjónarmiðum. Börnin þurfa að finna að þau séu hluti af hópnum og samfélagi þar sem réttlæti og virðing einkenna samskiptin.

Stefna leikskólans sem og gildi Mosfellsbæjar styðja við þennan mikilvæga þátt og þau eru okkar leiðarljós í starfinu með börnunum. Hver og einn einstaklingur óháð getu, kyni, trú eða þjóðerni hefur margt fram að færa. Við viljum að börnin öðlist færni í að bera virðingu og umhyggju hvert fyrir öðru, þrói með sér samkennd, tillitssemi, umburðarlyndi og vináttu. Við viljum að börnin taki þátt í ákvarðantökum er varða líf þeirra í leikskólanum.

Leikskólinn er fyrir öll börn á leikskólaaldri og því á að tryggja öllum börnum réttar aðstæður til náms og þroska. Ef grunur leikur á því að barn þarfnist sérkennslu er fylgst sérstaklega með því og þá í framhaldi gerðar ráðstafanir eins og þurfa þykir allt í samstarfi við foreldra. Gerðar eru einstaklingsnámskrár fyrir hvert barn þar sem fram koma leiðir til að barnið geti þroskast sem best á eigin forsendum. Markmiðið er hjá okkur að sérkennslan fari að mestu fram inni á deildum í barnahópnum en í leikskólanum er aðstaða til sérkennslu ef þurfa þykir. Umsjónamaður sérkennslu og deildarstjóri viðkomandi deildar í samvinnu við aðra fagaðila vinna saman að settum markmiðum.

## **12. Tengsl skólastiga**

Skólaganga barna á að mynda samfellda heild þannig að reynsla og nám barna á fyrri skólastigum nýtist þeim sem best á næsta skólastigi. Það að hætta í leikskóla og byrja í grunnskóla er mikil breyting fyrir barnið og því nauðsynlegt að undirbúa það vel.

Leikskólinn er í samstarfi við grunnskólana varðandi námsefni sem heitir K-Pals en það er verkefni sem er unnið með elstu börnum leikskólans og áfram er unnið í því þegar þau hefja nám í 1. bekk.

Samstarf við grunnskóla bæjarins hefur verið gott, börnunum ásamt leikskólakennurum sínum er boðið að koma í heimskókn í þann grunnskóla sem þau fara í og er vel tekið á móti þeim þar.

Skilafundir á milli leik- og grunnskóla eru haldnir að vori en þá er upplýsingum og gögnum um leikskólabörnin skilað til grunnskólanna.

### **13. Mat á námi og velferð barna**

Við mat á námi, þroska og velferð barna er safnað upplýsingum um það sem börn fást við og hafa áhuga á, hvað þau vita, geta og skilja. Upplýsingarnar eru síðan notaðar til að styðja við nám og velferð barnanna í samstarfi við foreldra. Lögð er áhersla á að þetta sé ferli sem er samfíð daglegu starfi leikskólans.

Á Hlaðhömrum leitumst við við að nota sem fjölbreyttustu aðferðir við mat á námi og velferð barnanna.

Uppeldislegu skráningarnar eru mikilvægt tækifæri til þess að fylgjast með þróun og þroska hjá hverju barni fyrir sig hvort sem þau eru ein eða í hóp, en með þeim erum við að skrá niður athafnir og vinnu barnanna í daglega lífinu sem gefur góða innsýn á líðan þeirra, hæfni og getu. Auk þess þá notum í samvinnu við foreldra aðra matslista t.d. Hljóm-2, Efi-2, Tras og íslenska þroskalistann,

Ekki má gleyma að foreldrarnir búa yfir mikilvægustu upplýsingunum og þekkingu á börnum sínum, því gegna foreldraviðtölin sem haldin eru a.m.k tvisvar á ári, mikilvægu hlutverki í mati á líðan og velferð barnanna.

Ef þurfa þykir þá getur leikskólinn í samráði við foreldra leitað til sérfræðipjónustu Mosfellsbæjar varðandi ráðgjöf eða frekara mat.

### **14. Ráðgjafa- og sérfræðipjónusta**

Í lögum um leikskóla er kveðið á um að á vegum sveitarfélagana skuli vera rekin sérfræðipjónusta sem annars vegar á að vera stuðningur fyrir börn og foreldra og hins vegar stuðningur við leikskólana og starfsmenn þeirra.

### **15. Mat á leikskólastarfi**

Mat á leikskólastarfi hefur þann tilgang að tryggja að réttindi leikskólabarna séu virt og þau fái þá menntun og þjónustu sem þeim ber skv. lögum um leikskóla. Þetta mat er tvíþætt annarsvegar innra mat sem skólarnir framkvæma sjálfir og svo hinsvegar ytra mat þar sem utanaðkomandi aðili vinnur á vegum sveitarfélagsins.

#### ***15.1 Innra mat***

Starfsfólk leikskólans er stöðugt að meta allt starf sem fram fer á leikskólanum og er það gert með ýmsum hætti t.d. á starfsmannafundum, deildarfundum, fagfundum og deildarstjórafundum. Uppeldislegar skráningar eru mikið notaðar en þær eru mikilvægur þáttur í mati á starfinu.



Foreldrakönnun er gerð annað hvert ár og þar gefst foreldrum tækifæri til að svara ítarlegum spurningum um allt sem snýr að leikskólanum og starfinu. Unnið er ítarlega úr þessari könnun svo hún nýtist okkur sem best.

Starfsmannakönnun er einnig lögð fyrir annað hvert ár.

### **15.2. Ytra mat**

Fræðslu- og frístundasvið Mosfellsbæjar hefur eftirlit með því að starfssemi leikskólans samræmist leikskólalögum, reglugerðum og aðalnámsskrá leikskóla.

Framkvæmdastjóri fræðslusviðs ásamt leikskólafulltrúa ber ábyrgð á framkvæmd ytra mats.

## **16. Starfsáætlun**

Skv. lögum ber að gera starfsáætlun fyrir hvert skólaár, í henni er starfi og faglegum áherslum á komandi starfsári lýst. Í henni er hægt að gera grein fyrir nýjum verkefnum sem leikskólinn hefur ákveðið að vinna að. Þar geta einnig komið fram upplýsingar úr innra mati leikskólans. Starfsáætlunin er unnin í samvinnu við starfsfólk leikskólans. Starfsáætlunin er aðgengileg á heimasíðu skólans.